

Ákvörðun nr. 33/2021
Mánudagurinn, 30. ágúst 2021

Samruni Nova Acquisition Holding ehf. og Platínium Nova hf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna Nova Acquisition Holding ehf. (hér eftir „NAH“) og Platínium Nova hf. (hér eftir „Platínium Nova“). Við samrunann eignast NAH allt hlutfé Novator í Platínium Nova en fyrir kaupin átti NAH 44,49% af heildarhlutfé Platínium Nova. Í kjölfar kaupanna mun NAH eiga 94,49% af útgefnu hlutfé í Platínium Nova. Þá á Nova Acquisition (Iceland), LLC áfram 5,51% hlut. Platínium Nova var stofnað til að halda utan um eignarhlut Novator og NAH í fjarskiptafyrirtækinu Nova hf. (hér eftir „Nova“). Engin starfsemi fer fram í félaginu Platínium Nova en tilgangur félagsins er kaup, sala og eignarhald verðbréfa, eign, leiga og rekstur fasteigna, lánstarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur. Starfsemi Nova felst fyrst og fremst í starfsemi á fjarskiptamarkaði og þá aðallega markaði fyrir farsímabjónustu og internetþjónustu í smásölu fyrir einstaklinga, heimili og fyrirtæki.
2. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 14. júlí 2021. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og tóku frestir til rannsóknar því að líða 15. júlí 2021. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitid til upplýsinga úr samrunaskrá og fyrri rannsókna eftirlitsins á sömu mörkuðum.
3. Athugun málsins lauk með tölvubréfi Samkeppniseftirlitsins til samrunaaðila, dags. 20. ágúst 2021, um að ekki væri tilefni til að aðhafast frekar vegna samrunans. Vegna anna hefur tafist að birta rökstuðning með niðurstöðunni.
4. Starfsemi samrunaaðila sem starfa á ólíkum mörkuðum, er eftirfarandi:
 - a. NAH er félag sem var stofnað í þeim tilgangi að halda utan um eignarhluta í Platínium Nova en engin önnur starfsemi er í félaginu.
 - Eini hluthafi NAH er félagið Nova Pt. LLC sem er bandarískt félag, stofnað og skráð í Delaware ríki í Bandaríkjunum, í eigu bandaríska fjárfestingarsjóðsins Pt Arctic Fund I, LP (hér eftir „Pt Arctic Fund“), sem einnig er stofnað og skráð í Delaware ríki í Bandaríkjunum. Sjóðurinn er í eigu bandarískra einkafjárfesta en á grundvelli samnings um fjárfestingarstýringu þá er sjóðurinn í rekstri Pt Capital Advisors, LLC (hér eftir „PT Capital Advisors“), sem er bandarískt félag með takmarkaða ábyrgð, stofnað og skráð í Delaware ríki í Bandaríkjunum.
 - PT Capital Advisors er alþjóðlegt fjárfestingarfélag sem einblínir á fjárfestingar á arðbærum mörkuðum. Félagið einblínir sérstaklega á fjárfestingar í Norður-Ameríku og Evrópu. Félagið er í eigu bandaríska sjóðstjórans PT Capital, LLC s (hér eftir „PT Capital“), sem einnig er skráð og stofnað í Delaware ríki í Bandaríkjunum. Fjárfestingar PT Capital Advisors fara fram í gegnum dótturfélög þess.



- PT Capital Advisors hefur óbein yfiráð yfir 50% hlutafjár Prime Hotels í gegnum félagið Kea-PT, LLC, sem er stofnað og skráð í Delaware ríki í Bandaríkjunum. Kea-PT, LLC er jafnframt í eigu PT Arctic Fund.
 - Prime Hotels á 65% heildarhlutafé í Keahótel ehf. (hér eftir „KEA“). PT Capital Advisors fer þannig með óbein yfiráð yfir KEA í gegnum Prime Hotels.
 - KEA á níu dótturfyrirtæki, sem öll eru í 100% eigu móðurfélagsins, þau eru:
 - Indín ehf.
 - Kea Veitingar ehf.
 - Storm hótélrekstur ehf.
 - Sand H Operation ehf.
 - Kea hótélrekstur ehf.
 - Skuggi hótélrekstur ehf.
 - Borg hótélrekstur ehf.
 - Apotek hótélrekstur ehf.
 - Gígur hótélrekstur ehf.
- b. Platínium Nova var stofnað í mars 2017 til að halda utan um eignarhlut Novator og NAH í fjarskiptafyrirtækinu Nova. Engin starfsemi á sér stað í Platínium Nova. Platínium Nova á 99,99% af heildarhlutafé í Nova.
- Nova á 50% hlutafjár í Sendafélaginu ehf, Nova fer með sameiginleg yfiráð yfir félaginu ásamt Sýn hf., en félögin eiga saman allt hlutafé Sendafélagsins.
 - Nova hefur undirritað kaupsamning um kaup Colony Capital, Inc á öllu hlutafé í dótturfélagi sínu Nova Sendastaðir ehf. (hér eftir „Nova Sendastaðir“). Nova Sendastaðir heldur utan um óvirka fjarskiptainviði sem eru í eigu Nova og þá nánar tiltekið flesta stærri sendastaði, sem samanstanda af sjálfstæðum turnum og möstrum/turnum á húspökum.
5. Í samrunatilkynningu segir að samrunaaðilar, þ.e. NAH og Platínium Nova, starfi á ótengdum mörkuðum. Með samrunanum auki því enginn samrunaaðila við markaðshlutdeild sína eða styrki hana, engin breyting verði á fjölda keppinauta á hlutaðeigandi mörkuðum og samþjöppun engin. Þá liggja fyrir að samrunaaðilar eigi ekki eignarhluti eða aðra fjárhagslega hagsmuni í keppinautum hvort annars. Af því leiði að engin samkeppnisleg áhrif verði vegna samrunans.
6. Miðað við framkomnar upplýsingar er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki séu vísbendingar um að aðilar málsins hafi eða muni öðlast markaðsráðandi stöðu með samruna þessum og teljast samkeppnisleg áhrif óveruleg enda starfa samrunaaðilar á ótengdum mörkuðum.
7. Eftir að hafa athugað þær upplýsingar sem liggja fyrir í málinu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé tilefni til þess að grípa til íhlutunar vegna samrunans en að mati Samkeppniseftirlitsins eru engar vísbendingar um að samruninn komi til með að hindra



virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð

„Kaup Nova Acquisition Holding ehf. á 50% hlut í Platínium Nova hf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson